Nr. 67.
30.
desbr.

# Reglugjörð

um

## útbúning og notkun asetýlengasgerðarstöðva og svipaðra stofnana í Reykjavíkurkaupstað.

Samkvæmt 30. gr. laga 15. okt. 1875 um brunamál í Reykjavík er hjer með eptir tillögum bæjarstjórnar nefnds kaupstaðar sett eptirfarandi reglugjörð um útbúning og notkun asetýlengasgerðarstöðva og svipaðra stofnana í Reykjavíkurkaupstað:

1. gr.

Áður en byrjað er að koma á fót asetýlengasgerðarstöð eða svipaðri stofnun, skal senda brunamálanefndinni teikning af og lýsing á stofnuninni í tveim eintökum, og fá yfirlýsing brunamálanefndarinnar um, að ekkert sje því til fyrirstöðu, að henni sje komið á fót, annaðhvort á þann hátt, sem teikningin sýnir, eða með þeim breytingum, sem nefndin kann að heimta.

Gasstöðina (gasframleiðara og ílát) skal setja upp undir beru lopti eða í sjerstöku þar til gjörðu húsi, svo langt frá öðrum húsum, sem brunamálanefndin heimtar, og má ekki búast við að samþykki fáist til fyrirtækisins, nema stöðin standi svo langt frá öðrum byggingum, sem hjer segir:

ekki minna en 5 álnir, ef gjört er ráð fyrir í mesta lagi 50 logum,
— — - 10 —, — — 100 — og
— — - 20 —, ef stöðin er stærri.

Hús það, sem gasið er búið til í og geymt í, skal vera með ljettri þekju þannig að mikil loptumrás geti átt sjer stað. Herbergin skulu vera björt. Á hurð gasgerðarstofunnar skal vera greinileg auglýsing þess efnis, að bannað sje að reykja tóbak, kveykja á eldspýtum og fara með ljós, og að eldhætta sje að kolkalki ef væta kemst að. Gastöðin (gasframleiðari og ílát) skal vera ramgjör, traust og þjett í samskeytum og með öryggisspeldi. Sje asetýlengas notað í íbúðarherbergjum, skal fylgja nákvæmlega þeim skilyrðum, sem heilbrigðisnefndin kann að setja.

Nr. 67. Reglugjörð 30. desember um útbúning og notkun asetýlengasgerðarstöðva og svipaðra stofnana í Reykjavíkurkaupstað.

# Reglement

Nr. 67.
30te
Decbr.

angaaende

## Anlæg og Drift af Acetylengasværker og lignende Anlæg i Reykjavik Købstad.

I Medfør af § 30 i Lov af 15de Oktober 1875 om Brandvæsenet i Reykjavik udstedes herved efter Indstilling af bemeldte Købstads Kommunalbestyrelse følgende Reglement angaaende Anlæg og Drift af Acetylengasværker og lignende Anlæg i Reykjavik Købstad:

§ 1.

Forinden Indretning af et Acetylengasværk eller et Anlæg af lignende Art paabegyndes, skal der til Brandkommissionen fremsendes Tegning og Beskrivelse af Anlægget i 2 Eksemplarer, og Brandkommissionens Erklæring om, at der intet er til Hinder for Anlægget enten som vist paa Planen eller med de af Kommissionen eventuelt forlangte Forandringer, være erhvervet.

Anlægget (Gasudvikler og Beholder) skal opstilles under aaben Himmel eller i særskilt dertil indrettet Bygning i den Afstand fra andre Bygninger, som Brandkommissionen maatte forlange, og vil Approbation paa Anlægget ikke kunne ventes, medmindre Værket har følgende Afstand fra andre Bygninger:

mindst 5 Alen, hvis Værket er beregnet paa højst 50 Blus,
— 10 —, — — - — - — 100 — og
— 20 — for større Værker.

Den Bygning, hvori Gassen tilvirkes og opbevares, skal have en let Tagkonstruktion, der tilsteder rigelig Ventilation. Rummene skulle være lyse. Paa Døren til Gasværksrummet skal findes tydeligt Opslag af følgende Indhold: Tobaksrøgning, Afstrygning af Tændstikker og al Brug af Lys forbudt, Kalciumkulstof brandfarlig ved Udsættelse for Væde. Gasværket (Gasudvikler og Beholder) skal være af stærk Konstruktion, fast og tæt sammensat og forsynet med Sikkerhedsventil. Anvendes Acetylengas i Beboelsesrum, blive de Betingelser, som Sundhedskommissionen maatte foreskrive, nøje at følge.

Nr. 67. Reglement 30te December ang. Anlæg og Drift af Acetylengasværker og lignende Anlæg i Reykjavik Købstad.

Nr. 67. 2. gr.

30. desbr. Þegar á að taka til að útbúa stöðina að þar til fengnu samþykki, skal gjöra brunamálanefndinni skrifleg skeyti um það, áður en byrjað er.

Brunamálanefndin sjer um, að hver hluti gasgerðarstöðvarinnar fyrir sig og efni þau, sem eru notuð í hana, sjeu skoðuð og prófuð, og að prófað sje þrýstingarþol stöðvarinnar, þegar hún er fullbúin. Í stað þeirra efna, sem nefndin kann að álíta að sjeu ekki nógu góð, skal setja nýtileg efni. Á stöðinni skulu vera blindlok svo sem þörf er á, með opum fyrir pumpurnar og þrýstingarmælana, svo hægt sje að prófa stöðina hvenær sem er með stuttum fyrirvara.

3. gr.

Þegar búið er að setja verkfærin upp, má ekki gjöra neinar breytingar viðvíkjandi þeim eða leggja nýjar pípur, nema brunamálanefndin fái tilkynning um það áður, svo að hægt sje að prófa það sem þarf. Ef stöðin verður stækkuð, skal fá samþykki brunamálanefndarinnar eins og þegar um nýja stofnun er að ræða.

4. gr.

Brunamálanefndin og menn, sem hún sendir, skulu hafa aðgang að stöðinni hvenær sem er, til þess að fullvissa sig um, að allt sje í lagi. Skal tafarlaust bæta úr misbrestum, sem kunna að finnast. Einu sinni á ári, eða optar ef það er talið nauðsynlegt, skal prófa þrýstingarþol stöðvarinnar.

5. gr.

Með því að sambland af lopti og asetýleni er mjög sprengihætt, verður að gæta svo mikillar varúðar sem unnt er við meðferð gassins. Við tilbúning og notkun gassins og yfir höfuð til þess að gæta gasgerðarstöðvarinnar má ekki nota aðra en áreiðanlega, fullorðna menn, eldri en 18 ára, sem þekkja þetta til fulls.

6. gr.

Öll vinna við gasgerðarstöðina (svo sem fylling, hreinsun og þess háttar) má aðeins fara fram við dagsbirtu, og þess verður vandlega að gæta, að enginn eldur eða ljós sje í hýsinu meðan á slíkri vinnu stendur; þó má leyfa að lýsa gasgerðarherbergin með rafmagnsglóðalömpum, en hinsvegar er bannað að nota önnur tilbúin ljós í þessum herbergjum. Af því að eitrun getur komið fyrir, skulu að minnsta kosti 2 karlmenn vera viðstaddir, þegar hreinsun fer fram.

Þegar gasframleiðarinn er hreinsaður, skal láta efni það, sem úr gengur, í sjerstakt ílát og þynna það með að minnsta kosti 10 sinnum meira vatni, áður en því er fleygt eða það er látið renna í skolprennuna.

7. gr.

Öllum verkfærum, pípum o. s. frv. skal haldið hreinum og þrifalegum, hönum og lokum í pípunum og öllum þjettiumbúnaði skal haldið þjettum, og þegar misbrestir á þessu kunna að koma í ljós, skal tafarlaust koma því í gott lag. Daglega skal prófa speldin, svo að áreiðanlegt sje, að þau festist ekki. Svo opt sem tækifæri býðst, skal taka þau sundur, hreinsa og smyrja með tólg og blýantsdupti.

§ 2.

Naar Anlægget efter erhvervet Approbation skal paabegyndes, underrettes Brandkommissionen forinden Paabegyndelsen skriftligt derom.

Ved dens Foranstaltning foretages Eftersyn og Prøve af Værkets forskellige Dele og af de anvendte Materialier samt Trykprøve, naar hele Værket er opstillet. De Materialier, som den ikke maatte anse for tilstrækkelig gode, blive at erstatte med brugbare Materialier. Der anbringes de fornødne Blindslanger med Anboring til Pumperne og Trykmaalerne, saaledes at Værket til enhver Tid med kort Varsel kan underkastes Prøve.

§ 3.

Der maa ikke foretages Forandringer ved de opstillede Apparater eller anlægges nye Ledninger, forinden Brandkommissionen derom er underrettet, for at de fornødne Prøver kunne blive foretagne. Ved Udvidelse af Værket bliver Brandkommissionens Approbation at indhente som ved et nyt Anlæg.

§ 4.

Brandkommissionen og Personer, der udsendes af denne, har til enhver Tid Adgang til Værket for at forvisse sig om, at alt er i Orden. Forefundne Mangler skulle straks afhjælpes. En Gang om Aaret eller oftere, hvis det maatte anses nødvendigt, underkastes Værket en Trykprøve.

§ 5.

Da Blandinger af Luft og Acetylen ere meget eksplosive, maa der iagttages størst mulig Forsigtighed ved Gassens Behandling. Til Fremstilling og Anvendelse af Gassen samt i det hele til Gasværkets Pasning maa kun anvendes paalidelige voksne Personer over atten Aar, der ere fuldkommen kendte med samme.

§ 6.

Alt Arbejde ved Gasværket (saasom Ladning, Rensning og deslige) maa kun foretages ved Dagens Lys, og det maa nøje paases, at der, medens saadanne Arbejder finde Sted, ikke findes Ild eller Lys i Lokalet; det kan dog tillades i Gasværkslokalerne at have Belysning ved elektriske Glødelamper, hvorimod det er forbudt at benytte anden kunstig Belysning i disse Rum. Af Hensyn til mulig forekommende Forgiftningstilfælde skulle mindst 2 Mænd være til Stede under Rensningsarbejderne.

Naar Generatoren renses, skal det tiloversblevne Stof kommes i en særlig Beholder og fortyndes med mindst 10 Gange saa meget Vand, forinden det bortkastes eller ledes til Kloaken.

§ 7.

Alle Apparater, Rørledninger m. m. skulle holdes i proper Stand, Haner og Skydere paa Ledningerne og alle Pakninger skulle holdes tætte og, naar der maatte vise sig Mangler ved dem, uopholdelig paany sættes i god Stand. Ventilerne skulle daglig prøves, saa at man er sikker paa, at de ikke sætte sig fast. Saa ofte Lejlighed gives, bør de adskilles, renses og indsmøres med Talg og Grafit.

Nr. 67.
30. desbr.

8. gr.

Komi það fyrir, að gas streymi út í herbergið, má enginn fara þangað nema með öndunarumbúðum; eldur og ljós mega ekki koma nærri og má aðeins nota öryggislampa. Bæði öndunarumbúðir og öryggislampi með þeirri gerð, sem hefur verið tekin gild, skulu vera við hendina við asetýlengasgerðarstöðina, í herbergi, þar sem asetýlengas er ekki notað.

9. gr.

Ef verkfærin hafa staðið ónotuð í meir en 48 klukkustundir, skal hleypa öllu gasinu úr ílátinu út í bert lopt, og má ekki nota asetýlenið fyr en búið er að fylla ílátið aptur. Hins sama skal gæta, þegar byrjað er á ný, eptir að hreinsað hefur verið eða kolkalki verið bætt í eða ný verkfæri verið sett upp. Þegar gasið hefur ekki verið notað lengi, má ekki kveykja á því fyr en búið er að fylla öll verkfæri með nýju gasi á framangreindan hátt. Sá maður, sem á að passa stöðina, skal gæta nákvæmlega að, hvort allir hanar og lokur sjeu rjett stillt, áður en hann fer frá vinnustaðnum að lokinni vinnu.

Ekki má reykja tóbak nje kveykja á eldspýtum í því herbergi, sem asetýlengasið er framleitt í.

10. gr.

Sje asetýlen brúkað með meiri þrýstingu en sem svarar 12″ vatnsþrýstingu, skulu ílát þau, sem það er geymt í, vera prófuð með þrýstingu, sem sje að minnsta kosti **5** sinnum meiri en sú þrýsting, sem asetýlenið verður fyrir. Milli asetýlenílátsins og pípukerfisins skal vera þrýstingarminnkunarspeldi, og á pípukerfinu, sem verður að vera þjett við 5 feta vatnsþrýsting, skal vera þannig útbúið öryggisspeldi, að það opnist við 12″ vatnsþrýsting í mesta lagi. Frá öryggisspeldinu skal liggja sjerstök útstraumspípa út undir bert lopt, þar sem ekki getur orðið nein sprengihætta, þótt dálítið asetýlen streymi út.

11. gr.

Eir má ekki brúka í neitt verkfæri, sem asetýlen kemst að. Ekki má setja lampana í samband við pípurnar með gúmmíslöngum eða þess háttar, er hvergi má brúka í stöðinni.

12. gr.

Kolkalk má ekki geyma öðruvísi en í málmílátum með lokum, sem falli svo vel að, að vatnshelt sje, og skal geyma það í rakalausum, björtum herbergjum, sem eru gerð samkvæmt því sem segir í 1. gr. Á hurð geymsluherbergisins skal standa greinileg auglýsing sama innihalds og segir í 1. gr.

13. gr.

Fljótandi asetýlen og flytjanlegar asetýlengasgerðarstöðvar, þar á meðal lampa, þar sem asetýlen framleiðist í lampafætinum, má ekki brúka nema undir beru lopti; þegar kolkalki er bætt í eða verkfærin hreinsuð, skal sömuleiðis gjöra það undir beru lopti og að öðru leyti skal við hafa nauðsynlegar varúðarreglur.

Undantekningar frá þessu ákvæði mega aðeins eiga sjer stað, þegar á að nota asetýlenið í vísindalegum tilgangi af mönnum, sem álitið verður að hafi nægilega þekkingu til að dæma um hættu þá, sem stafar af slíkum verkfærum.

§ 8. Nr. 67.

I Tilfælde af, at der finder Gasudstrømning Sted i Lokalet, maa man kun nærme sig forsynet med Respirationsapparat; Ild og Lys maa holdes borte, og der maa kun benyttes Sikkerhedslampe. Saavel Respirationsapparat som Sikkerhedslampe af godkendt Konstruktion skulle forefindes umiddelbart ved Acetylengasværket i et Rum, hvor Acetylengas ikke benyttes. 30te Decbr.

§ 9.

Hvis Apparaterne have henstaaet ubenyttede i mere end 48 Timer, maa al Gas udblæses af Beholderen ud i fri Luft og Acetylenen først benyttes, naar Beholderen igen er fyldt. Det samme gælder om Igangsætning efter Rensning, Paafyldning af Kalciumstof eller efter Opsætning af nye Apparater. Antændelse af Gassen maa efter længere Stilstand først finde Sted, naar alle Apparater paa den anførte Maade ere fyldte med frisk Gas. Forinden Arbejdsstedet efter endt Arbejde forlades, skal den Mand, hvem Pasningen af Anlægget er overdraget, nøjagtig undersøge, om alle Haner og Skydere ere rigtig stillede.

Tobaksrøgning og Afstrygning af Tændstikker maa ikke finde Sted i det Lokale, hvor Acetylengassen fremstilles.

§ 10.

Anvendes Acetylen under Tryk større end 12" Vandtryk, maa de Beholdere, i hvilke den opbevares, være prøvede med et Tryk mindst 5 Gang saa stort som det, Acetylenen bliver underkastet. Mellem Acetylenbeholderen og Ledningsnettet skal indskydes Reduktionsventil, og Ledningsnettet, der skal være tæt ved 5 Fods Vandtryk, maa være forsynet med en Sikkerhedsventil, indrettet til at blæse ved højst 12" Vandtryk. Fra Sikkerhedsventilen skal et særligt Udblæsningsrør føres i fri Luft paa et saadant Sted, at Eksplosionsfare ikke kan opstaa, selv om der undslipper noget Acetylen.

§ 11.

Der maa ikke anvendes Kobber til noget Apparat, der bliver paavirket af Acetylen. Forbindelsen mellem Ledninger og Lamper maa ikke ske ved Hjælp af Gummislanger eller lignende, der overhovedet ikke maa benyttes i Anlægget.

§ 12.

Kalciumkulstof maa kun lagres i Metalbeholdere med vandtæt sluttende Laag og opbevares i tørre, lyse Rum af samme Beskaffenhed som i § 1 angivet. Paa Døren til Oplagsrummet skal findes tydeligt Opslag af samme Indhold som under § 1 angivet.

§ 13.

Flydende Acetylen og transportable Acetylengasværker, herunder Lamper, hvor Acetylen udvikles i Lampens Fod, maa kun anvendes i fri Luft; ny Paafyldning af Kalciumstof og Rensning skal ligeledes ske i fri Luft, og iøvrigt maa der iagttages fornødne Sikkerhedsforanstaltninger.

Undtagelse fra denne Bestemmelse vil kun finde Sted, naar Acetylenen skal benyttes i videnskabeligt Øjemed af Personer, der skønnes at have tilstrækkelig Indsigt til at bedømme Farerne ved saadanne Apparater.

Nr. 67.

30. desbr.

14. gr.

Sje fyrirskipunum þeim ekki hlýtt, sem eru gefnar samkvæmt framanskráðu, hefur brunamálanefndin rjett til að láta hætta að nota stöðina, og sætir þá hlutaðeigandi málssókn samkvæmt 28. gr. laga 15. okt. 1875 um brunamál í Reykjavík.

15. gr.

Kostnað þann, sem kann að leiða af prófun stöðvarinnar og eptirliti með henni o. fl., greiðir eigandi hennar eptir reikningi, sem brunamálanefndin samþykkir.

16. gr.

Eitt eintak af ákvæðum þessum skal vera fest upp í gasgerðarhúsinu.

17. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Í stjórnarráði Íslands, 30. desember 1903.**

***Alberti.***

*Ólafur Halldórsson.*

Nr. 67. Reglugiörð 30. desember um útbúning og notkun asetýlengasgerðarstöðva og svipaðra stofnana í Reykjavíkurkaupstað.

§ 14. Nr. 67. 30te Decbr.

Saafremt de i Henhold til ovenstaaende givne Paalæg ikke efterkommes, har Brandkommissionen Ret til at standse Driften af Anlægget, og den paagældende vil blive tiltalt for Retten i Henhold til § 28 i Lov af 15de Oktober 1875 om Brandvæsenet i Reykjavik.

§ 15.

De Udgifter, som maatte foranlediges ved Prøverne af Anlægget og Tilsynet med samme m. v., betales af vedkommende Ejer af Anlægget efter Regning, der godkendes af Brandkommissionen.

§ 16.

Et Eksemplar af nærværende Bestemmelser skal være opslaaet i Lokalet.

§ 17.

Ovenstaaende Bestemmelser træde straks i Kraft.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Ministeriet for Island, den 30te December 1903.**

***Alberti.***

---

*Ólafur Halldórsson.*

Nr. 67. Reglement 30te December ang. Anlæg og Drift af Acetylengasværker og lignende Anlæg i Reykjavik Købstad.